

11. gr.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipi unz gjöld eru greidd.

117

20. des.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

13. gr.

Engin, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu er hafnarnefnd tekur gilda.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum, og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Búðakauptúns.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1932 og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún frá 1. júlí 1916.

Reglugerð þessi birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

fyrir

notkun bryggju í Hofsósi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hofshrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og tækjum hennar. Ræður hún bryggjuvörð, er má vera utan nefndar, og semur um borgun fyrir störf hans og setur honum erindisbréf.

118

21. des.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni og tækjum hennar og á allri notkun. Skal hann í öllu hegða sér eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir að hlýða fyrirmælum hans um notkunina.

3. gr.

Bátar og skip hafa rétt til að nota bryggjuna gegn því að greiða lög-mæt gjöld og hlýða ákvæðum bryggjuvarðar um notkunina. Neyta þau réttar síns í þeirri röð, sem þau koma að bryggjunni. Þó skulu bátar og skip, sem flytja póst, hafa rétt til að leggja tafarlaust að bryggjunni til að afhenda póstinn. Í lífsnauðsyn mega allir nota bryggjuna án endurgjalds.

4. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra manna, af umráðamanni báts þess, er skemmdirnar hljótask af.

5. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni eða bryggjustöpli fram yfir það sem nauðsyn krefur. Sé þessa ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja vörunar burtu á kostnað þeirra. Hann getur og bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Fyrir skip og vélbáta, er leggjast að bryggjunni og liggja sólarhring eða skemmri tíma greiðist bryggjugjald fyrir hvert skip, sem hér segir:

1. Fyrir skip undir 6 smálestum að stærð (brutto)	kr.	2.00
— — frá 6—12 smálestir að stærð (brutto)	—	3.00
— — — 12—20 — — —	—	4.00
— — — 20—30 — — —	—	5.00
— — — 30—50 — — —	—	6.00
— — — 50—100 — — —	—	8.00
— — — 100—250 — — —	—	20.00
— — — 250—1000 — — —	—	40.00

Liggi skipið lengur en sólarhring við bryggjuna greiðist aukagjald, er sé $\frac{1}{4}$ hluti stofngjaldsins til viðbótar um hvern sólarhring, sem fram yfir er.

2. Fyrir skip er sigla áætlunarferðir hingað og leggjast að bryggjunni, greiðist fyrir hverja ferð þannig:

Fyrir skip undir 100 smálestum (brutto)	kr.	4.00
— — frá 100—250 smálestir (brutto)	—	10.00
— — — 250—1000 — — —	—	40.00

3. Síldarskip, 15 smálestir og stærri, er leggjast að bryggjunni og losa þar síld, greiði fyrir 3 fyrstu ferðirnar kr. 3.00 á hverja ferð og fyrir hverja ferð, sem fram yfir er sama sumar kr. 1.50.

4. Fyrir vélbáta, sem eiga heima í Hofshreppi, greiðist árgjald sem hér segir: **118**
 Fyrir bát undir 10 smálestum kr. 15.00 **21. des.**
 Fyrir báta og skip frá 10—1000 smálestum — 15.00—150.00
 Gjöldin í þessum lið greiðist hlutfallslega fyrir millibilsstærðir.

7. gr.

Auk gjalda þeirra, sem talin eru í 6. gr., greiðast bryggjugjöld af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum í kaupþúninu, að undanskildum póst- og farþegaflutningi, svo sem hér segir:

1. Fyrir hvert stykki af venjulegum vörum, sem ekki falla undir aðra töluliði gjaldskrár þessarar, greiðist 12 aurar.
2. Fyrir hverja smálest af umbúðalausum kolum, salti, saltfiski og freðsild, skal greiða 2 krónur, en fyrir pakkaðan fisk 10 aura á hver 100 kg.
3. Fyrir hvern standard af timbri greiðist 2 krónur, en fyrir timbursendingar, sem ekki nema heilum standard, 2 aura á teningsfet.
4. Fyrir hross og nautgripi greiðist 30 aurar fyrir hvern grip, enda beri bryggjan kostnað við notkun smábryggju til þessa flutnings, þegar þörf krefur.
5. Fyrir bifreiðar og dráttarvélar skal greiða 4 krónur.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, ef sérstök ástæða er til, að vikja frá gjaldskrá þessari í einstökum atriðum gagnvart skipum og bátum, sem fara eftir fast-ákveðnum áætlunum, en gera verður þá um það sérstaka fyrirframsamninga við hlutaðeigendur.

Skýlt er þeim, er annast um út- og uppskipun í kaupþúninu að inna gjöldin af hendi án tillits til þess hvort bryggjan er notuð til þeirra flutninga eða ekki.

9. gr.

Öllum skipum, er flytja vörur að eða frá Hofsósi, er skýlt að hafa farm-skrá og afhenda eftirrit af henni í hvert sinn, er þau taka eða afhenda vörur.

10. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir til að ganga hreinlega um hana, og ræsta hana og tæki hennar, þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert svo full-nægjandi sé að dómi bryggjuvarðar eða hreppsnefndar, annast bryggjuvörður ræsting á kostnað hlutaðeiganda, sem fyrirgerir rétti sínum til bryggjuafnota, sé ræstingarvanræksla endurtekin. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til bryggjustöðulsins.

11. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir bryggjuvörður svo fljótt sem unnt er. Skipaafgreiðslum í kaupþúninu er skýlt að innheimta bryggjugjöld af aðfluttum og útfluttum vörum hjá eigendum vörunnar og standa skil á þeim

- 118** til bryggjuvarðar svo fljótt sem unnt er. Á bryggjuvörður heimting á að fá að-
 21. des. gang að farmskrá skipa til að ganga úr skugga um að afgreiðslan fullnægi þessu ákvæði. Leggur bryggjuvörður allar tekjur bryggjunnar í sérstakan sjóð, er nefnist bryggjusjóður og ávaxtast í Sparisjóði Hofshrepps.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár bryggjusjóðs er almanaksárið og skal bryggjuvörður svo oft sem hreppsnefnd krefur og að minnsta kosti tvisvar á ári, afhenda oddvita hreppsnefndar, sem hefir reikningshald sjóðsins, skilagrein fyrir öllu því af tekjum sjóðsins, er honum bar að innheimta.

13. gr.

Bryggjusjóði skal aðeins varið til viðhalds og endurbóta á bryggjunni og tækjum hennar.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 400 kr. og fer um mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

Reglugerð þessi, sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir samið eftir tillögum hreppsnefndarinnar í Hofshreppi, er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917 til að öðlast gildi 1. janúar 1932 og birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um

bann við umferð bifreiða.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 41, 4. júní 1924, og í framhaldi af auglýsingu, dags. 25. nóvember þ. á., vill ráðuneytið enn fremur ákvarða, að banna megi á sama hátt og með sömu skilyrðum og þar getur, einstaka daga